

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 22.3.'18
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bt. Kristófer Tómasson
Árnesi
801 Selfoss

Gunnarsholti, 22. mars 2018

Efni: Nýting kjötmjöls til uppgræðslu á Hafinu

Vorið 2016 sáði Landgræðslan í 68 hektara svæði á Hafinu, sunnan vegar heim að Hólaskógi, sjá meðfylgjandi loftmynd. Haft var samráð við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um aðgerðirnar áður en hafist var handa við uppgræðsluna. Borinn var tilbúinn áburður á svæðið 2017 og verður slíkt hið sama gert næsta vor. Landgræðslan hefur þessu til viðbótar hug á að nýta kjötmjöl til áburðargjafar við uppgræðsluna haustið 2018 en góð reynsla er a nýtingu þess til uppgræðslu. Kjötmjöli hefur m.a. verið dreift á Vikrum á Flóa- og Skeiðamannafrétti, á Landmannafrétti, í Hekluskógum og í nágrenni Gunnarsholts. Skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis segir um notkun á moltu og kjötmjöli á beitolönd eða lönd sem notuð eru til fóðurgerðar: „Ef nýta á land til beitar eða fóðurframleiðslu má ekki bera á það moltu eða kjötmjöl síðar en 1. nóvember árið áður og skal landið þá friðað fyrir beit a.m.k. til 1. apríl.“ Að þessu sögðu þá ráðgerir Landgræðslan að dreifa kjötmjöli á uppgræðslusvæðið í október 2018, að því tilskyldu að ekki sé um búfjárbeit að ræða á svæðinu á þeim tíma og það verði friðað fyrir búfjárbeit til 1. apríl 2019.

Landgræðslan óskar eftir leyfi til að dreifa kjötmjöli á uppgræðslusvæðið í október 2018. Undirritaður er fús til að gefa frekari upplýsingar um málið sé eftir því óskað.




Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslu ríkisins


[Signature]
Garðar Þorfinnsson,
héraðsfulltrúi

7.20

Uppgræðsla á Hafi sunnan landgræðslugirðingar

Skýringar

-  Afmörkun uppgræðslusvæðis
-  Girðingar
-  Vegir



1:10.000

